



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningarinnar
Hans Christian Andersen – Lífheimur
Kjarvalsstöðum
2. apríl 2006**

Góðir sýningagestir

Hans Christian Andersen lagði ungur af stað út í veröldina og líkt og Hans klaufi hafði hann fát í heimanfylgju annað en ríkan metnað og góðar gáfur, var staðráðinn í að verða dansari og söngvari en varð eins og kunnugt er einn fremsti og þekktasti rithöfundur Norðurlanda, víðfrægur um álfur allar fyrir ævintýrin.

Þær eru býsna margar kynslóðirnar sem fetað hafa slóð um undraveröld H.C. Andersens og fundið þar gleði og kæti, ótta, sorg og einsemd, fundið til með hinum fjölmörgu og litríku söguhetjum, hrifist þegar sannleikur og réttlæti báru sigur úr bítum og fengið sína fyrstu kennslu í siðfræði og réttlætiskennnd, öðlast heilbrigð viðhorf til valdsins því sagan um Nýju fötin keisarans er okkur öllum áminning um mikilvægi hreinskilninnar, hinnar gagnrýnu og heiðarlegu sýnar, ráðamönnum hollt veganesti.

Ævintýrin eru tímalaus, laus úr viðjum staðhátta eða menningar ólíkra þjóða, eiga sama erindi nú sem fyrrum þegar þau voru samin, birt dönskum lesendum, hinni vaknandi borgarastétt, sem tók þennan alþýðudreng upp á sína arma.

Og enn er Hans Christian Andersen að færa heillandi efnivið í frumleg verk því við sjáum hér í dag hvernig frábærir listamenn, einna fremstir í sinni röð, hafa nýtt sér ævintýrin og veita okkur ferska sýn á sögur sem við höldum að við þekktum vel.

Það er vitnisburður um frumleikann sem býr í verkum skáldsins að Kosuth og Kabakovhjónin, sprottin úr ólgu rússneskra, evrópskra og bandarískra umbrota, mótuð af gerjuninni sem umbylt hefur heimslífinni

á síðari árum, að þessir snjöllu listamenn geti opnað okkur hulda sali í töfraveröld H.C. Andersens.

Það var snjöll hugmynd að biðja þessa frumkvöðla að ganga á vit ævintýra; árangurinn er sannarlega nýr heimur hugarflugsins og töldum við þó að næsta ógerlegt væri að bæta við dansinn sem hið danska skáld steig fyrir nær tveimur öldum.

Að vefa Nýju fötin keisarans í risateppi og biðja ráðamenn og aðra gesti að ganga um salinn er sterk og sláandi áminning um fánýti valdsins en einnig grundvöllur upplifunar sem við munum seint gleyma.

Hér eru notaðar tilvitnanir í samtímamann Andersens, heimspekinginn Søren Kierkegaard, en skemmtilegt hefði verið ef Kosuth hefði einnig haft spurnir af vináttu Gríms Thomsen við skáldið.

Ég hefði átt að bjóða Kosuth í bókhöðuna á Bessastöðum en þar er varðveitt lítil bók eftir H.C. Andersen sem heitir Nye Æventyr og kom út árið 1858. Í bókinni er falleg áletrun frá höfundinum til Gríms Thomsen. „Min rigt begavede og dygtige ven“, segir skáldið og launar þessum gáfaða og fjölhæfa vini sínum ítarlega umfjöllun um ritsafnið sem út kom þremur árum fyrr.

Bókmenntamenn hafa ekki verið á eitt sáttir um hvort ritdómur Gríms hafi markað þáttaskil í umfjölluninni um verk H. C. Andersens en víst er að hann gladdi skáldið ef marka má dagbókarfærslur og sjálfsævisögu. Í bréfi frá sama ári segir hann að dómurinn sé „fyrsta skilyrðislausu viðurkenningin hér í Danmörku á skáldskapargáfu minni“.

Við vitum öll að ævintýri H. C. Andersen eru einföld á ytra borði en þau eru líka djúpur hylur, búa yfir tímalausum og sammannlegum sannleika, eru eilíf uppspretta nýrrar túlkunar.

Grímur Thomsen dró einkenni þeirra saman með þessum orðum:

Ævintýrið fellir „skemmtilega dóma um að ekki er allt sem sýnist, um ytra byrði og innri kjarna. Þar er á ferðinni tvöfaldur straumur. Írónískur yfirstraumur sem leikur sér og hendir gaman að stóru og smáu, sem leikur fjaðurbolta með hátt og lágt; og svo undirstraumur hinnar djúpu alvöru, sem á réttlátan og sannan hátt setur allt „á sinn stað“. Þetta er hið sanna, hið kristilega spaug“.

Það er að vísu ekki kristilegt spaug sem Kosuth og Kabakovhjólin birta okkur hér á Kjarvalsstöðum, en svo notuð séu orð Gríms Thomsen úr ritdóminum þá er „ekki allt sem sýnist“; því hér birtast margfaldir straumar, yfirstraumar og undirstraumar sem „henda gaman að stóru og smáu“, írónískir og alvaran djúp.

Þannig mætast hér í dag Grímur Thomsen, Hans Christian Andersen
Josep Kosuth og Kabakovhjónin, Ilya og Emilia.

Það er skemmtileg veisla hugarflugsins, listarinnar og ævintýra sem
boðið er til á Kjarvalsstöðum og ég færi gestgjöfum öllum einlægar
þakkir um leið og ég lýsi yfir að sýningin er hér með opnuð.